



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS
Alþingi

Erindi nr. Þ 128/1261

komudagur 24. 2. 2003

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. febrúar 2003

Efni: Frumvarp til laga um tekju- og eignarskatt, hlutabréfasjóðir, 601. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur farið yfir nefnt lagafrumvarp, sem efnislega fjallar um ákvæði til bráðabirgða vegna breytinga á lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Ekki þykir ástæða til þess að gera athugasemdir við þetta bráðabirgðaákvæði. ASÍ tekur undir þau sjónarmið, að brýnt sé að breyttar skilgreiningar í lögum um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, sem leiða kunni til þess að formbreyting verður á því verðbréfi sem einstaklingar eiga, leiði ekki til ótímabærar skattlagningar eða niðurfellingar á skattafrádrætti.

Með kveðju,

Gylfi Arnbjörnsson
Framkvæmdastjóri ASÍ



Félag löggiltra endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 128, 1757
komudagur. 4. 3. 2003

Suðurlandsbraut 6 • 108 Reykjavík • Ísland • ☎ 568 8118 • Fax 568 8139

Reykjavík 3. mars 2003
Tilv. FLE 12-2003

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
c/o Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Málefni: Frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt, 601. mál, hlutabréfasjóðir.

Með bréfi dags. 20. febrúar sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Íslands eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Á fundi sínum í dag tók Álitsnefndin málið til umfjöllunar og fylgir greinargerð nefndarinnar með bréfi þessu.

Stjórn FLE samþykkir fyrir sitt leyti meðfylgjandi greinargerð.

Virðingarfyllst,
Félag löggiltra endurskoðenda

Guðmundur Snorrason
formaður

Álitsnefnd Félags löggiltra endurskoðenda

Reykjavík, 3. mars 2003

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda
Guðmundur Snorrason, formaður
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík


Málefni: **Frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt, 601. mál,
hlutabréfasjóðir.**

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE.
Álitsnefnd FLE tók málið fyrir á fundi sínum í dag.

Álitsnefnd FLE gerir engar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst

ÁLITSNEFND FÉLAGS LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA



Alþingi
Erindi nr. P 128/1613
komudagur 10. 3. 2003



FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
vt. Einar K. Guðfinnsson, formaður
Alþingi
150 Reykjavík

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík
Sími 545 8100, Bréfsími 552 4804
Netfang: postur@fel.stjr.is
Veffang: felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík, 7. mars 2003

Tilvísun: FEL03030010/41/ÓPÓ

Til umfjöllunar er nú á Alþingi breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt (þingskjal nr. 962 – 601. mál – meðferð á hlutdeildarskírteinum). Vegna þessa vill félagsmálaráðuneytið benda á eftirfarandi atriði sem lagfæra þarf við 69. gr. B og 72. gr. laga tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981. Breyting þessi yrði einungis formlegs eðlis.

Íbúðalánasjóður tók við réttindum og skyldum Byggingarsjóðs verkamanna og Byggingarsjóðs ríkisins, sbr. 1. mgr. 53. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998. En efni 1. mgr. 53. gr. laga um húsnæðismál er svohljóðandi:

53. gr. Sameining sjóða.

Við gildistöku laga þessara skulu Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna lagðir niður og sameinaðir. Frá sama tíma tekur Íbúðalánasjóður við hlutverki, réttindum, eignum, skuldum og skuldbindingum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Réttindi og undanþágur sem Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna njóta samkvæmt gildandi lögum skulu taka til Íbúðalánasjóðs.


Geta má þess að með 34. gr. breytingalaga nr. 133/2001 á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, var farin sú leið að bæta við orðinu Íbúðalánasjóður á eftir Byggingarsjóði ríkisins (varðaði 78. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt). Einnig er hægt að hugsa sér að nafn Íbúðalánasjóðs komi í stað Byggingarsjóðs ríkisins og/eða Byggingarsjóðs verkamanna, svo sem í 5. mgr. 72. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Eftir er að breyta eftirfarandi ákvæðum í lögum um tekjuskatt og eignarskatt. En þar er einungis minnst á Byggingarsjóðs ríkisins og/eða Byggingarsjóðs verkamanna:

1. 2. mgr. 69. gr. B er fjallar um vaxtabætur (vaxtagjöld),
2. 5. mgr. 69. gr. B er fjallar um vaxtabætur (eignarhald),
3. 5. mgr. 72. gr. er fjallar um undanþágur frá fjármagnstekjuskatti.

Óskað er eftir því að efni þessa bréfs verði annaðhvort haft í huga við afgreiðslu á þingmáli 601 (þingskjal nr. 962) á breytingum á lögum um tekjuskatt og eignarskatt eða að ábendingar þessar verði varðveittar og hafðar í huga við breytingar á lögnum á næsta löggjafarþingi.

F. h. r.



Samrit sent: Fjármálaráðuneyti, Tekju- og lagaskrifstofa,
vt. Maríanna Jónasdóttir skrifstofustjóri, Arnarhváli, 150 Reykjavík.

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi
Erindi nr. P 128/1495
komudagur 5. 3. 2003

Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

4. mars 2003

Tilvísun: 2003020077

Efni: Frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt, 601. mál, hlutabréfasjóðir


Vísað er í bréf efnahags og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 20. febrúar 2003, þar sem óskað er eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, 601. mál, hlutabréfasjóðir. Fjármálaeftirlitið hefur ekki athugasemdir fram að færa við umrætt frumvarp.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Ragnar Hafþórsson


Hannes J. Hafstein



KAUPHÖLL ÍSLANDS
Iceland Stock Exchange

Alþingi
Erindi nr. P 28/1680
komudagur 11.3.2003

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 07.03.2003
Tilv. 111
RÞJ/rþj

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekju- og eignarskatt, 601. mál,
hlutabréfasjóðir.**

Með bréfi dagsettu 20. febrúar síðastliðinn var óskað eftir umsögn Kauphallar Íslands hf. um frumvarp til laga um tekju- og eignarskatt, 601. mál, hlutabréfasjóðir.

Af hálfu Kauphallar Íslands hf. eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,


Ragnar Þ. Jónasson,
lögfræðingur.



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1343
komudagur 26. 2. 2003

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,

Dagsetning
26. febrúar 2003

Tilvísun
A-8
LÖ/bb

150 Reykjavík.

Í bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 20. þ.m., er óskað umsagnar um frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt, 601. mál.

Svo sem ráða má af athugasemdum með frumvarpinu er það lagt fram í tengslum við frumvarp til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði og er tilgangur með því að greiða fyrir yfirfærslu á eignarhlutum úr hlutabréfasjóðum í hlutdeildarskírteinissjóði við slit á þeim fyrrnefndu. Síðarnefndu sjóðirnir lúta strangara eftirliti stjórnvalda og því munu þessar breytingar stuðla að betri neytendavernd.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún hefur engar athugasemdir fram að færa við efni ofangreinds frumvarps.

Sigríður Þórunn.



Alþingi
Erindi nr. P 128/1913
komudagur 3. 3. 2003

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

28. febrúar 2003


Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni:

Umsögn um frv. til l. um brt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt (601. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 20. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál. Frumvarpið er fylgifrumvarp 518. máls, verðbréfasjóðir og fjárfestingasjóðir, og því afar brýnt að verði samþykkt samhliða.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1496
komudagur 5. 3. 2003

3. mars 2003
Dags. yðar: 20. febrúar 2003

Nefndasvið Alþingis
efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, 601. mál, hlutabréfasjóðir

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags. 20. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, 601. mál, hlutabréfasjóðir.

Frumvarp þetta, sem lagt er fram í tengslum við frumvarp til laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, gerir ráð fyrir að þeir sem fengið hafa lækkun á tekjuskatti vegna kaupa á hlut í hlutabréfasjóðum geti fært eignarhlut sinn yfir í svonefnda hlutdeildarskírteinissjóði án þess að skattalegar ívilnanir skerðist. Tilgangur frumvarpsins er að greiða fyrir yfirfærslu á eignarhlutum úr hlutabréfasjóðum í hlutdeildarskírteinissjóði þegar fyrrnefndu sjóðunum er slitið þar sem síðarnefndu sjóðirnir eru undir strangara eftirliti stjórnvalda og þykja stuðla að betri neytendavernd.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemd við samþykkt frumvarpsins, enda er frumvarpið hluti af breytingum sem þegar hefur verið tekin ákvörðun um.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Birgir Ísl. Gunnarsson
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605